

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga.

Bæjarheiti	Langavatn		Fjallabaksá		Bæjarheiti	Langavatn		Fjallabaksá	
	Einingafföldi	Einingafföldi	Einingafföldi	Einingafföldi		Einingafföldi	Einingafföldi	Einingafföldi	Einingafföldi
Ásbúðir	1	0,5			Kurfur	1	0,5		
Mánavík	1	0,5			Hlíð	1	0,5		
Víkur	1	0,5			Örlygsstaðir	1	0,5		
Hafnir	1	0,5			Örlygsstaðir II	1	0,5		
Tjörn	1	0,5			Hof	19	15,5		
Ós	1	0,5			Hvammkot	1	0,5		
Saurar	1	0,5			Skeggjastaðir	1	0,5		
Kálfshamar	1	0,5			Fjall	21	0,5		
Sviðningur	1	0,5			Steinnýjarstaðir	1	0,5		
Ytri-Björg	1	0,5			Álfhóll	1	0,5		
Syðri-Björg	1	0,5			Kelduland	1	0,5		
Krókssel	1	0,5			Bakki	1	0,5		
Hólmi	1	0,5			Neðri-Harrastaðir	1	0,5		
Krókur	1	0,5			Efri-Harrastaðir	1	0,5		
Hróarsstaðir	1	0,5			Brandaskarð	1	0,5		

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

30. desember 1996

Nr. 708

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum.

1. gr.

Greiða skal gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Gjaldið skal vera kr. 2,25 á hvert kíló kjöts fyrir árin 1996 og 1997 og skal gjaldið standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum. Gjaldið miðast við raunkostnað við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum.

2. gr.

Gjaldið greiðist af sláturleyfishöfum samkvæmt áætlun sem byggð er á innvegna magni kjöts í afurðastöð næstliðins almanaksárs í samræmi við upplýsingar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Endanlegt uppgjör gjaldsins skal fara fram fyrir 20. febrúar ár hvert í samræmi við rauntölur innvegins magns kjöts í afurðastöð á gjaldárinu samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.